

Föstudaginn 22. júní 1934.

Nr. 67/1934. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Sigvalda Jónassyni

(Bjarni P. Johnson).

Áfengislaga- og lögreglusamþykktarbrot.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 23. jan. 1934: Ákærður, Sigvaldi Jónasson, veitingamaður og bóndi á Geithálsi í Mosfellshreppi, greiði 600 króna sekt til rikissjóðs og 200 króna sekt til sveitarsjóðs Mosfells-hrepps í Kjósarsýslu, og afplánist hin fyrákveðna sekt með 34 daga einföldu fangelsi, en hin síðari með 16 daga einföldu fangelsi, verði sektarupphæðirnar eigi greiddar hlutaðeigandi sjóðum innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leið-andi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skýrslum löggæslumanns Björns Bl. Jónssonar er það sannað, að kærði hefir eftir lögboð-inn veitingatíma hinn 30. marz, 25. maí, 10. júní og 26. okt. f. á. hleypt gestum inn í veitingahús sitt að Geithálsi, og borið þessum gestum veitingar fram á nótt, þar til löggæslumaðurinn lét gestina fara út úr veitingahúsinu. Auk þess hefir kærði viðurkennt, að hann hafi oft endranær veitt aðvif-andi gestum mat og öl eftir lögboðinn lokunar-tíma.

Þá er það sannað, að kærði hefir hinn 30. marz f. á. að nóttu veitt gestum, er þá voru staddir að Geithálsi, meðal annars 2 flöskur af portvini. Auk þess viðurkennir kærði, að hann hafi stundum veitt

gestum sínum vín með mat, heldur hann því að visu fram, að hann hafi veitt þeim vínið ókeypis, en gestirnir hafi stundum gefið honum peninga á móti. Að slíkar veitingar hafi ekki ósjaldan komið fyrir, styðst við það, að sannað er með skýrslu Áfengisverzlunar ríkisins, að kærði hefir á tíma-bílinu frá 1. maí til 30. sept. 1933 keypt 299 flöskur af víni fyrir samtals 2099 kr. og 50 aur., og hefir kærði enga sennilega grein gjört fyrir þessum vin-kaupum sínum.

Með þessu hefir kærði gerzt brotlegur við fyrir-mæli 23. gr. áfengislaga nr. 64/1930 og 7. gr. lög-reglusamþykktar fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu 29. marz 1932, og ákveðst refsing kærða fyrir brot þessi samkvæmt 40. sbr. 32. gr. áfengislaganna og 11. gr. hinnar tilvitnuðu reglugerðar í einu lagi 800 kr. sekt til ríkissjóðs og komi í hennar stað 40 daga einfalt fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og samkvæmt 40. gr. áfengislaganna að dæma kærða til að missa veitingaleyfi sitt í 3 mán-uði frá birtingu dóms þessa að telja.

Svo ber og að dæma kærða til þess að greiða all-an kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Sigvaldi Jónasson, greiði 800 kr. sekt í ríkissjóð og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst ekki greidd inn-an 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal missa veitingarétt sinn í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað máls þessa bæði í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti Lárusar Fjeldsted og Bjarna Þ. Johnson, 60 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt þar að lútandi skýrslum löggæslumanns Björns Bl. Jónssonar í Reykjavík, sem ákærður Sigvaldi Jónsson, veitingamaður og bóndi á Geithálsi í Mosfellshreppi, eigi hefir haft neitt verulegt að athuga við, hefir hann eftir lögboðinn veitingatíma 30. marz, 25. og 26. maí og 26. og 27. október f. á. hleypt inn gestum að næturlagi og haft þar veitingar matar, ölfanga svo og portvíns, sem hann að visu hefir neitað að hafa selt umræddum gestum, en þó kannast við að hafa þegið peninga fyrir sem gjöf, og einnig heldur hann því fram, að í flestum tilfellum hafi þetta verið boðsgestir hans, og veitingar þá eigi farið fram í tilætluðum veitingastofum þar á Geithálsi. Samkvæmt framlögðum skýrslum frá Áfengisverzlun ríkisins hefir ákærður keypt þar á tímabilinu frá 1. maí til 5. ágúst f. á. vín fyrir 1511,00 kr., samtals 215 flöskur, og frá þeim tíma til 1. október s. á. 78 flöskur af víni fyrir kr. 546,50, og hefir ákærður eigi gert aðra grein fyrir vínforða þessum, en að hann hafi drukkið það sjálfur, gefið það, veitt gestum sínum ókeypis, og svo keypt vínið fyrir aðra menn eftir beiðni þeirra, en sem eigi hafa viljað láta nafns síns getið og sumir verið ölvaðir. Samkvæmt því, er að framan greinir, vírðist það vera nægilega upplýst og sannað, einnig með eigin játningu ákærðs, að hann hafi gerzt brotlegur gegn fyrirmælum 23. gr. áfengislaganna, nr. 64, 19. maí 1930, sbr. og reglugerð nr. 67, 1928, og gegn 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu, og þykir refsing sú, er

ákærður hefir tilunnið fyrir þessi brot sin, hæfilega ákveðin kr. 600,00 til rikissjóðs og kr. 200.00 til sveitarsjóðs Mosfellshrepps í Kjósarsýslu, er afplánist, hin fyrgreinda sekt með 34 daga einföldu fangelsi, en hin síðar ákveðna sekt með 16 daga einföldu fangelsi, verði sektarupphæðir þessar eigi greiddar innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærða ber og að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Föstudaginn 22. júní 1934.

Nr. 198/1932. **Sigfús Eliasson** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Valdemar Baumann. (Enginn).

Þrottvísun úr starfi bótalauð eigi talin sammingsrof.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu 28. nóv. 1933: Stefnur, rakarameistari Sigfús Eliasson á Akureyri, greiði rakara Valdemar Baumann s. st. 525 — fimm hundruð tuttugu og fimm — krónur ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. ágúst 1932 að telja þar til greitt er. Svo greiði stefndur og stefnandanum 50 — fimmtíu — krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti hinn 31. marz 1933 var mætt í því af hálfu beggja aðila. Var málinu síðan frestað hvað eftir annað, eftir beiðni áfrýjanda og með samþykki stefnda, til þess að afla frekari sönnunargagna, en er málið skyldi flutt 18. þ. m. mætti enginn af hendi stefnda. Var málið því flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1-4-32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.